



DALVÍKURBYGGÐ

# Áfalla- og slysaáætlun Krílakots

**Ábyrgðarmaður:**  
**Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri**  
**Áætlun uppfærð í ágúst 2015**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Áfallaráð Krílakots .....	2
Hlutverk áfallaráðs .....	2
Í áfallaráði Krílakots sitja: .....	2
Nemendur .....	3
Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemenda .....	3
Alvarlegt slys á nemanda: .....	3
Slys á nemanda sem verður utan skólatíma: .....	4
Andlát nemanda: .....	4
Aðstandendur .....	6
Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda .....	6
Alvarleg slys aðstandenda nemanda .....	6
Andlát aðstandenda nemanda .....	6
Starfsfólk .....	7
Alvarleg veikindi starfsmanns leikskóla .....	7
Alvarleg slys starfsmanns leikskóla .....	7
Andlát starfsmanns .....	7
Andlát maka og/eða barna starfsmanns .....	7
Viðbragðsáætlun slysa .....	8
Viðbrögð við slysum .....	8
Viðbragðs-rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta .....	9
Viðbragðs- rýmingaráætlun vegna bruna .....	11
Fari brunaviðvörðunarkerfi af stað skal unnið eftir svohljóðandi ferli: .....	11

## Áfallaráð Krílakots

### Hlutverk áfallaráðs

Gera vinnuáætlanir svo bregðast megi hratt og örugglega við þegar áföll hafa orðið s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Einnig viðbragðs- og rýmingaráætlun vegna bruna og vibragðsáætlun vegna jarðskjálfta.

Lykilhlutverk áfallaráðs felst í að móta skýra vinnuáætlun þar sem eftirfarandi atriðið koma skýrt fram:

- Hver sinnir hvaða hlutverki.
- Í hvaða röð.
- Hvernig beri að bregðast við í hverju tilviki fyrir sig.

**Lykilatriði er að huga vandlega að óskum fjölsyldna og aðstandenda þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni**

Hlutverk áfallaráðs er að kynna áfalla og slysaáætlun og einnig að sjá til þess að allt starfsfólk fái fræðslu er tengist því hvernig bregðast skuli við áföllum og einkennum áfallastreitu hjá börnum. Það sér einnig um að kennarar og annað starfsfólk leikskólans hafi kost á stuðningi og hjálp.

### Í áfallaráði Krílakots sitja:

- Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri
- Margrét Lára Jóhannsdóttir, eldhús.
- Arna Arngrímsdóttir, deildarstjóri - staðgengill Krílakoti.
- Ágústa Kristín Bjarnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri Kátakoti.

**Viðbrögð áfallaráðs miðast alltaf við aldur og aðstæður hverju sinni**

Skilgreining á áföllum:

- Alvarleg veikindi (nemenda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks)
- Langvinnir sjúkdómar (nemenda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks)
- Andlát (nemenda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða aðstandenda starfsfólks).
- Alvarleg slys (nemenda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks)
- Bruni
- Jarðskjálftar

## Nemendur

### Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemenda

#### Hvarnig skal bregðast við:

- Tilkynning berst til leikskóla
- Leikskólastjóri tryggir að upplýsingar komist til allra starfsmanna.
- Leikskólastjóri hefur samband við heimilið og býður þá aðstoð sem er í valdi leikskólans að veita.
- Starfsfólki og leikskólafélögum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum í burtu frá skóla vegna alvarlegra veikinda.
- Viðhalda má tengslum við leikskólann í gegnum tölvupóst eða símleiðis allt eftir óskum foreldra.
- Deildarstjóri viðkomandi deildar ræðir við og vinnur með nemendum sem tengjast málinu allt eftir aðstæðum hverju sinni.
- Sýna skal aðstæðum virðingu m.a. geta samnemendur og starfsfólk sent kveðjur.

#### Þegar nemendi kemur aftur í skólann:

- Skólastjórnendur taka ákvörðun í samráði við forráðamenn um hvernig skuli taka á móti nemandanum eftir veikindin.
- Undirbúa þarf starfsfólk leikskólans og leikskólafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.
- Hópstjóri/deildarstjóri veitir viðkomandi nemanda sérstraka athygli næstu vikur.

#### Alvarlegt slys á nemanda:

- Unnið samkvæmt viðbraðgsáætlun slysa
- Verði alvarlegt slys á nemanda á leikskólatíma skal hafa samband við forráðamenn sem allra fyrst (Leikskólastjóri eða deildarstjóri).
- Ef leikskólafélagar hafa tengst slysinu þarf að sinna þeim sérstaklega og hafa samband við forráðamenn þeirra.
- Leikskólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Áríðandi að ná sambandi við alla foreldra hvort sem hringt er eða sendur tölvupóstur.
- Ef um alvarlegt slys er að ræða er haldinn fundur með starfsfólki þar sem farið er yfir staðreyndir málsins.

- Sýni fjölmiðlar áhuga er leikskólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður leikskólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar sem gefa á.

### Slys á nemanda sem verður utan skólatíma:

- Tilkynning berst til leikskóla
- Starfsfólki, nemendum og foreldrum er tilkynnt um slysið

### Næstu dagar:

- Tryggja að upplýsingastreymi verði til leikskólans
- Sýna atburðinum virðingu m.a. geta nemendur og starfsfólk sent kveðju.

### Þegar nemendi kemur aftur í skólann:

- Undirbúa þarf starfsfólk leikskólans og leikskólafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.
- Deildarstjóri ræðir við forráðamenn nemandans áður en hann kemur í leikskólann og hlustar eftir líðan og ákveður í samráði við þá um hvernig skuli hátta endurkomu í skólann
- Hópstjóri/deildarstjóri veitir viðkomandi nemana sérstraka athygli næstu vikur.

### Andlát nemanda:

- Tilkynning berst til leikskóla
- Leikskólastjóri fundar með sóknarpresti og þeir ákveða í samráði við forráðamenn fyrstu viðbrögð skólans. Taka þarf tillit til hvernig andlát ber að, langavarandi veikindi t.d.

### **Bera skal allar aðgerðir skólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.**

- Allir starfsmenn skólans eru látnir vita af andlátinu áður en þeir mæta til vinnu, verði andlátíð þegar leikskólann er lokaður.
- Sóknarprestur er kallaður út og verður til taks þegar kennarar mæta
- Gæta skal sérstakrar nærgætni við nánin skyldmenni hins látna, nemendur skólans eða starfsmenn leikskólans í öllum viðbrögðum
- Leikskólastjórnendur tilkynna nemendum um andlátíð. Hlúð er að nemendum eins og hægt er með astoð sóknarprests. Haldin er kyrrðarstund, kveikt á kerti og sóknarprestur talar við hópinn.

- Leikskólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð.
- Haft samband við heimili nemenda og forráðamönnum tilkynnt um atburðinn þannig að þeir viti um aðstæður þegar nemendu koma heim. Einnig skal tilkynna forráðamönnum ef breytingar verða og hvaða á skólalaldi vegna andlátsins.

#### **Vinna í skólanum sama dag:**

- Deildarstjóri heldur vel utan um starf deildarinnar það sem eftir er skóladags.
- Börnunum gefið tækifæri til að ræða atburðinn (lífið og dauðann).
- Kyrrðarstund höfð í leikskólanum fyrir starfsfólk kl 16:15 með sóknarpresti.
- Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans og þeir sem eru að vinna sérstaklega með nemendum eiga kost á stuðningi og hjálp.

#### **Vinna með nemendum í skólanum næstu daga:**

- Deildarstjórar halda sérstaklega vel utan um starf á deildinni.
- Logandi kerti haft á ákveðnum stað í skólanum fram yfir jarðarför.
- Börnin á deildinni útbúa samúðarkveðjur handa forráðamönnum.
- Kennarar sjá til þess að nemendur fái að tjá tilfinningar sínar og koma með eigin reynslusögur.

Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemenda með samúðarkveðju næstu daga á eftir í samráði við forráðamenn.

Fulltrúi frá leikskólanum fer í jarðarförina.

## Aðstandendur

### Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda

- Leikskólastjórnendur eða deildarstjóri fær staðfestingu á veikindum hjá forráðamanni nemandans
- Upplýsingum komið til starfsfólks leikskólans
- Leikskólastjóri fundar með forráðamönnum og ákveður í samráði við þá hvernig unnið skuli að málinu.

### Alvarleg slys aðstandenda nemanda

- Leikskólastjórnendur eða deildarstjóri fá staðfestingu á veikindum hjá forráðamanni nemandans
- Upplýsingum komið til starfsfólks leikskólans
- Leikskólastjóri fundar með forráðamönnum og ákveður í samráði við þá hvernig unnið skuli að málinu.

### Andlát aðstandenda nemanda

- Leikskólastjóri fær staðfestar upplýsingar um atburðinn
- Upplýsingum komið til starfsfólks leikskólans
- Athuga þarf hvort nán skyldmenni hins látna séu við nám eða störf í leikskólanum og gera ráðstafanir
- Stjórnendur taka ákvörðun um fyrstu viðbrögð í samráði við forráðamenn og sóknarprest sé þörf á.
- Leikskólastjóri/deildarstjóri koma upplýsingum til leikskólafélaga nemandans eins fljótt og auðið er og forráðamanna.
- Deildarstjóri stjórnar áframhaldandi viðbrögðum á deildinni. Tryggja þarf að þeir hafi kost á aðstoð frá fulltrúum áfallaráðs eða sóknarprests.
- Samnemendur útbúa samúðarkveðju til nemandans
- Sé viðkomandi nemandi viðstaddur jarðarförina fer fulltrúi frá leikskólanum. Sé viðkomandi nemandi ekki viðstaddur fer enginn frá leikskólanum heldur er haldin kyrrðarstund í leikskólanum og kveikt á kerti.
- Skólastjóri/deildarstjóri heimsækja nemanda og fjölskyldu hans og færa þeim samúðargjöf ásamt kveðju frá samnemendum og starfsfólki.
- Allt starfsfólk leikskólans skal huga að líðan nemandans í sorginni og gefa honum tækifæri til að tjá sig, einnig öðrum nemendum.

**Bera skal allar aðgerðir skólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.**

## Starfsfólk

### Alvarleg veikindi starfsmanns leikskóla

- Leikskólastjóri ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandenda hans hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt veikindin.

### Alvarleg slys starfsmanns leikskóla

- Fyrstu viðbrögð þurfa af því hvort slysi hefur oðið í leikskólanum
- Leikskólastjóri ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt um slysið.

### Andlát starfsmanns

- Leikskólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Leikskólastjóri ákveður í samráði við nánust aðstandendur hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt veikindin.
- Leikskólastjóri tilkynnir starfsfólki um andlátíð, hringir í alla.
- Leikskólastjóri fundar með sóknarpresti og þeir ákveða í samráði við forráðamenn fyrstu viðbrögð skólans. Taka þarf tillit til hvernig andlát ber að, langavarandi veikindi t.d.
- Sóknarprestur kallaður út og verður til taks fyrir starfólk þegar það mætir til vinnu
- Leikskólastjóri/deildarstjórir tilkynnir nemendum skólans um andlátíð og upplýsingum skal komið til forráðamanna eins fljótt og auðið er.
- Leikskólastjóri fer heim til nánstu aðstandenda starfsmanna í samráði við þá, finna tíma sem hentar.
- Leikskólinn fer með samúðargjöf til nánustu aðstandenda
- Kyrrðarstund er höfð í leikskólanum
- Kyrrðarstund í lok dags 16:15 með sóknarpresti

### Andlát maka og/eða barna starfsmanns

- Leikskólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð.
- Leikskólastjóri ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt veikindin. Einnig hvernig tilkynna skuli forráðamönnum nemenda andlátíð




- Leikskólastjóri fer heim til starfsmanns og færir honum samúðargjöf og kveðju frá starfsfólki og nemendum.

## Viðbragðsáætlun slysa

### Viðbrögð við slysum

- Sá starfsmaður sem fyrstur kemur á vettvang sinnir bráðahjálp og lætur sækja deildarstjóra og skólastjóra.
- Nærstaddir færðir frá og allir sjá um að halda ró.
- Skólastjóri/staðgengill og starfsmaðurinn sem fyrstur var á staðinn sjá í sameiningu um að þeim slasaða sé sinnt, kallað sé á hjálpu og forráðamenn séu látnir vita.
- Skólastjórnendur virkja áfallateymi sé þess þörf.
- Allir í leikskólanum eru látnir vita af slysinu og hvort frekari aðgerða er þörf.



## Viðbragðs-rýmingaráætlun vegna jarðskjálfta

Mikilvægt er að allir haldai ró sinni barnanna vegna og skapa ekki óþarfa spennu.


- ✓ Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu.
- ✓ Reyndu frekar að leita skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum, undir borði, í dyragætt. Reyndu alltaf að skýla höfði.
- ✓ Ef þú ert sofandi í hvíld með börnum og vaknar upp við jarðskjálfta, haltu þá kyrru fyrir og notaðu kotta eða dýnu til að verja höfuðið og biðu börnin að gera slíkt hið sama.
- ✓ Bíddu eftir aðstoð eða boðum um að rýma húsnæðið. Ef engin aðstoð berst verður kennari/starfsmaður að meta aðstæður. Ef talið er öruggt að yfirgefa húsnæðið skal það gert samkvæmt rýmingaráætlun.
- ✓ Þegar skólinn er yfirgefinn skal safnast saman á söfnunarsvæði.

Ef það verður jarðskjálfti hafið þá eftirfarandi í huga:

- ✓ **Húsgögn** Varist húsgögn sem geta hreyfst úr stað.
- ✓ **Innihald skápa** Varist hluti sem detta úr hillum og skápum, sérstaklega í eldhúsi.
- ✓ **Ofnar og kynditæki** Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum sem hendast út af festingum.
- ✓ **Rúðbrot** Varist stórar rúður sem geta brotnað.
- ✓ **Byggingarhlutar** Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af. Haldi ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hættu er á hrynjandi byggingahlutum.

Gott er að setja á minnið orðaröðina:

## KRJÚPA - SKÝLA - HALDA



Gæta þess að verða ekki fyrir hlutum sem kunna að falla, með því m.a. að:

Fara út í horn burðarveggja, KRJÚPA þar, SKÝLA höfði og HALDA sér ef unnt er.

Fara í hurðarop, KRJÚPA þar, SKÝLA höfði og HALDA sér.

Fara undir borð, KRJÚPA þar, SKÝLA og HALDA í borðfót.

## Viðbraðgs- rýmigaráætlun vegna bruna

### Ábyrgð:

- ✓ Skólastjóri sér um sýna nýjum starfsmönnum slökkvibúnað og útgönguleiðir.
- ✓ Öryggisfulltrúi og skólastjóri ber að sjá um að útgönguleiðir séu alltaf færar.
- ✓ Skólastjóri ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin samkvæmt reglugerðum.
- ✓ Skólastjóri sér um að haldin sé ein rýmingaræfing á hverju ári, þá sé rýmingaráætlun kynnt, yfirfarin og endurskoðuð.
- ✓ Allir starfsmenn bera ábyrgð á að kynna sér rýmingaráætlun skólans og taka virkan þátt í æfingum.
- ✓ Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið og sinna sínu hlutverki.

### MUNIÐ: Bjarga - Kalla á hjálp - Slökkva

#### Fari brunaviðvörðunarkerfi af stað skal unnið eftir svohljóðandi ferli:

1. **Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/staðgengill** tekur síma úr eldhúsi, fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, stöðvar hljóðgjafa og kannar hvaðan brunaboðið kemur.
2. **Kennarar/starfsfólk.** Um leið og brunaviðvörðunarkerfi skólans fer í gang undirbúa kennarar/starfsfólk rýmingu leikskólans og taka með sér símann/ipad/mætingarlista og neyðarkassa. Fara skal í skó og yfirhafnir ef aðstæður leyfa, athugið að deildarstjórar bera ábyrgð á rýmingu sinna deilda og fara á söfnunarsvæði.
3. **Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/staðgengill.** Ef um hættuástand er að ræða eru hljóðgjafar aftur gangsettir, samband haft við Neyðarlínu í síma 112 og tilkynnt um hættu. Ef um falsboð er að ræða er það skráð í þjónustubók.
4. **Söfnunarsvæði.** Þegar komið er á söfnunarsvæði hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Farið er yfir nafnalista og aðgæta hvort allir hafi komist út. Ef einhvern vantar skal tilkynna leikskólastjóra eða staðgengli hans um það.
5. **Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri/staðgengill** fara á milli hópa og fær upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sáust síðast.

6. Slökkvilið kemur á staðinn. **Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/staðgengill** gefa stjórnenda slökkviliðs upplýsingar um stöðu mála, hvort allir séu komnir út eða hvort einhverjir séu inni og þá hugsanlega staðsetningu þeirra.
7. **Allir í öruggt skjól.** Farið er með börn og starfsfólk í safnaðarheimili Dalvíkurkirkju.
8. **Allir taka þátt.** Virkja skal sem flesta starfsmenn skólans í hlutverk t.d. að halda dyrum opnum ofl. Einn starfsmaður er í hjólastól sem gæti þurft aðstoð út um hurð til að flýta fyrir rýmingu.
9. **Láta foreldra vita.** Leikskólastjóri sendir boð á foreldra um atburðinn og að sækja þurfi börnin.
10. **Sálrænn stuðningur.** Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri/staðgengill meta hvort leita þarf eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og/eða foreldrum sálranan stuðning eða áfallahjálp. Slökkviliðið getu rþá haft milligöngu um slíka aðstoð.

**Mikilvægt er að hafa í huga að:**

- ✓ Sá sem er síðastur úr hverju rými skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds og reyks eins og hægt er.
- ✓ Ekki má tefja björgunarstarf vegna björgunar á hlutum eða með því að freista þess að klæða börnin í, t.d. skófatnað.
- ✓ Ung börn hafa tilhneigingu til að fela sig við aðstæður sem þessar og því þarf að leita gaumgæfilega að þeim á öllum hugsanlegum stöðum, s.s. í skotum og undir hlutum.
- ✓ Velja skal auðveldustu útgönguleiðina á hverjum stað.

Heiti svæða v/brunaáætlunar og upplýsingar um slökkvitæki, neiðarútganga, Brunaslöneu og Brunaboða.

